

Opinn kynningarfundur um breytingu á aðalskipulagi á RÚV reitnum og nýtt deiliskipulag

Dagskrá

Fundur hefst kl. 17:05

- Magnea Guðmundsdóttir varaformaður umhverfis- og skipulagsráðs opnar fundinn
- Haraldur Sigurðsson verkefnastjóri aðalskipulags Reykjavíkur um breytinguna
- Helgi Mar Hallgrímsson arkitekt hjá Arkþing um nýtt deiliskipulag
- Bergþóra Kristinsdóttir fagstjóri hjá EFLU um umferðarmál

Spurningar og athugasemdir

Spurningar/athugasemdir	Svör
Til hvers er verið að boða til fundarins, er hægt að breyta tillögunni sem nú liggur til grundvallar?	Aðalskipulagsbreytingin er fer fljótlega í formlegt kynningarferli. Deiliskipulagstillagan er enn í vinnslu og verður hægt að senda inn formlegar athugasemdir þegar tillagan er tilbúin í kynningarferli.
Hverju hefur verið breytt frá samkeppnistillögu?	Byggingarmagn minnkað sitthvoru megin við útvarpshúsið, byggingar við Bústaðarveg hækkaðar um eina hæð, aðrar byggingarhæðir færðar til. Í heildina hefur byggingarmagnið minnkað.
Verða íbúðir á lóðinni í almennri sölu, verða íbúðir settar í húsnæðisfélög	Skipting íbúða er enn í vinnslu, en áætlað er að einhver hluti verði Reykjavíkurbús.
Hvers vegna eru hús A hluta svo há, sem skyggi á hús í Miðleiti.	Talið að lóðin myndi þola þessa hæð, sem er sambærileg við aðliggjandi byggð. Húsin valda ekki skuggavarpni en gætu skert útsýni eitthvað fyrir nærliggjandi byggð.
Gerð er athugasemd við hús á c-reit og hæðir þeirra, húsin skyggja á útvarpshúsið, hljóðmál gætu valdið íbúum þar óþægindum	Ekki verða byggðar manir við Bústaðarveg, hljóðmál verða leist með byggingartæknilegum atriðum, líkt og svalalokunum.
Hvað verður um gervihnattadiskana	Stóri diskurinn verður fjarlægður, minni diskar verðar austan megin við RÚV.
Hvað er framkvæmdatími áætlaður langur?	Ekki er tímabært að gefa framkvæmdatíma, enda er deiliskipulag ekki enn komið í kynningu. Óhjákvæmilega munu framkvæmdir valda hávaða en ljóst er að byggingaraðilar þurfa að gera grein fyrir byggingarframkvæmdum og tíma eftir að byggingarleyfi verður gefið út, og verður slíkt auglýst.
Umferðarpungi, er 2000 bíla aukning ásættanleg varðandi mengun og hávaða?	Götur í kring eru með umferð frá 2000 bílum yfir í 20.000 bíla hjá Bústaðarvegi. Umferðaraukningin dreifist á nærliggjandi gatnamót og veldur litlum auknum áhrifum á mengun, þunga og hávaða.
Hitaveitustokkur, mörgum er annt um stokkinn sem er mikilvæg samgönguæð, hluti af mikilli	Eftir ábendingar frá Orkuveitu Reykjavíkur var ljóst að stokkurinn myndi þurfa gott

sögu. Er hægt að halda stokknum óbreyttum.	helgunarsvæði fyrir aðgengi og þjónustu. Stokkurinn verður því færður sunnar en hann er núna þar sem aðgengi verður betra. Gert er ráð fyrir að núverandi stígur haldi sé óbreyttur, þar sem núverandi stokkur er.
Hver er aukning á byggingarmagni frá samkeppnistillögu?	Heildar byggingarmagn í deiliskipulagi sem er í vinnslu er minna en í samkeppnistillögu.
Er forsenda fyrir verslun á svæðinu?	Verslun á svæðinu er í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur, að gera hverfi sjálfbærari með því að að færa verslun og þjónustu nær íbúum
Ábending. Lagt er til að hús á reit C verði fjarlægð, og jafnframt að hús við heilsugæslu verði fjarlægð í tillögu sem er í vinnslu.	
Ábending. Áhyggjur af aukningu umferðar í samhengi við breytingar á Grensásveginum.	Ekki er tekið undir að breytingar á Grensásvegi muni valda aukningu umferðar á Háaleitisbraut, þar sem umferð um Grensásveg er undir þolmörkum götunnar eftir breytingar.
Áhyggjur að aukning umferðar skerði loftgæði	Ekki er talið að áætluð umferðaraukning skerði loftgæði frá því sem nú er.

Fundi lýkur kl. 18.30

Ritari: JKÁ